

## AUGLÝSING

um starfsreglur um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009.

„STARFSREGLUR

um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009.

1. gr.

3. mgr. 1. gr. hljóði svo:

Óski þriðjungur kjörinna kirkjuþingsmanna eftir er forseta skylt að kalla aukakirkjuþing saman án ástæðulausrar tafar. Þá er forseta heimilt að boða til aukakirkjuþings þegar brýna nauðsyn ber til.

2. gr.

1. mgr. 8. gr. hljóði svo:

Að lokinni afgreiðslu kjörbréfa kýs kirkjuþing skriflega og í óbundinni kosningu forseta og fyrsta og annan varaforseta úr röðum leikmanna. Saman mynda þeir forsætisnefnd kirkjuþings. Varaforsetar eru kjörnir á hverju reglulegu kirkjuþingi.

3. gr.

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 59. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. nóvember 2011.*

**Pétur Kr. Hafstein**, forseti kirkjuþings.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngjörðar almenningi.

*Reykjavík, 23. nóvember 2011.*

**Karl Sigurbjörnsson**, biskup Íslands.